



# Greinargerð fagsviða og sjóða A-hluta


Við framlagningu árshlutareiknings Reykjavíkurborgar  
janúar – júní 2023

Lagt fram í borgarráði  
7. september 2023

1. Aðalsjóður .....	2
1.1 Menningar- og íþróttasvið .....	5
1.2 Skóla- og frístundasvið .....	7
1.3 Umhverfis- og skipulagssvið .....	18
1.4 Velferðarsvið .....	19
1.4.1 Velferðarsvið – bundnir liðir .....	22
1.5 Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu .....	24
1.6 Sameiginlegur kostnaður .....	25
1.7 Fjármála- og áhættustýringarsvið .....	27
1.8 Mannauðs- og starfsþróunarsvið .....	28
1.9 Þjónustu- og nýsköpunarsvið .....	29
1.10 Framlög til B-hluta fyrirtækja .....	30
2. Eignasjóður .....	31
2.1 Eignaskrifstofa (ESR) .....	34
2.2 Skrifstofa miðlægrar stjórnsýslu (RHS ES) .....	35
2.3 Umhverfis- og skipulagssvið (ES) .....	36
3. Lykiltölur mannauðs .....	37
4. Innheimtuárangur .....	39
5. Kynjuð fjárhags- og starfsáætlun .....	40

---


# 1. Aðalsjóður



Rekstur Aðalsjóðs (í m.kr.)	Raun 2023_06	Áætlun	Frávik	%	Raun 2022_06	Breyting	%
Staðgreiðsla	58.949	55.586	3.364	6,1%	50.595	8.355	16,5%
Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgr.	-7.883	-7.479	-404	5,4%	-6.133	-1.750	28,5%
Skattbreytingar, niðurfærslur og afskrift skatttekna	2.642	2.100	542	25,8%	2.091	551	26,3%
<b>Nettó útsvar</b>	<b>53.708</b>	<b>50.207</b>	<b>3.501</b>	<b>7,0%</b>	<b>46.553</b>	<b>7.155</b>	<b>15,4%</b>
Fasteignaskattar	14.968	14.858	110	0,74%	13.091	1.877	14,3%
<b>Skatttekjur samtals</b>	<b>68.677</b>	<b>65.065</b>	<b>3.611</b>	<b>5,6%</b>	<b>59.644</b>	<b>9.032</b>	<b>15,1%</b>
Endurgeiðslur annarra:							
Gr. frá ríkissjóði v. heimahjúkrunar	1.181	1.218	-38	-3,1%	1.092	89	8,1%
Gr. frá ríkissjóði v. framfærslustyrks erl. ríkisb.	820	474	346	73,0%	0	820	n/a
Gr. frá ríkissjóði v. þjónustu við hælisleitendur	478	390	88	22,7%	388	90	23,3%
Gr. v. Klettaskóla og frístundar Klettaskóla	525	477	48	10,2%	56	469	836,1%
Uppgjör sveitarfélaga vegna skólakostn.	185	63	122	195,7%	493	-308	-62,5%
Gr. sveitarf. v. rekstur skíðasvæða höfuðb.sv.	274	274	0	0,0%	230	44	18,9%
Aðrar greiðslur frá ríki og sveitarfélögum	695	376	319	84,8%	702	-7	-1,0%
Ýmsir styrkir	248	106	142	134,3%	227	22	9,6%
<b>Endurgeiðslur annarra samtals:</b>	<b>4.406</b>	<b>3.377</b>	<b>1.029</b>	<b>30,5%</b>	<b>3.188</b>	<b>1.219</b>	<b>38,2%</b>
Framlög Jöfnunarsjóðs	5.893	5.884	9	0,2%	4.311	1.582	36,7%
Þjónustutekjur	6.468	6.239	229	3,7%	5.972	497	8,3%
Eignatekjur	358	260	98	37,8%	328	30	9,0%
Aðrar tekjur	1.643	1.438	205	14,2%	1.388	254	18,3%
<b>Rekstrartekjur samtals</b>	<b>87.445</b>	<b>82.263</b>	<b>5.182</b>	<b>6,3%</b>	<b>74.832</b>	<b>12.613</b>	<b>16,9%</b>
Laun og launatengd gjöld	-47.348	-45.107	-2.241	5,0%	-44.107	-3.241	7,3%
Hækkun lífeyrisskuldbindingar LsRb	-1.750	-750	-1.000	133,3%	-1.125	-625	55,6%
<b>Launakostnaður samtals</b>	<b>-49.098</b>	<b>-45.857</b>	<b>-3.241</b>	<b>7,1%</b>	<b>-45.232</b>	<b>-3.866</b>	<b>8,5%</b>
Annar rekstrarkostnaður	-46.560	-44.531	-2.029	4,6%	-43.644	-2.916	6,7%
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>-95.658</b>	<b>-90.387</b>	<b>-5.271</b>	<b>5,8%</b>	<b>-88.876</b>	<b>-6.782</b>	<b>7,6%</b>
Fjármagnsliðir	6.069	5.399	670	12,4%	3.548	2.521	71,0%
<b>EBITDA</b>	<b>-8.213</b>	<b>-8.124</b>	<b>-89</b>	<b>1,1%</b>	<b>-14.044</b>	<b>5.832</b>	<b>-41,5%</b>
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>-2.144</b>	<b>-2.725</b>	<b>581</b>	<b>-21,3%</b>	<b>-10.496</b>	<b>8.352</b>	<b>-79,6%</b>

**Rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs var neikvæð um 2.144 m.kr.** en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði neikvæð um 2.725 m.kr. og var niðurstaðan því um 581 m.kr. betri en áætlað var.

**Rekstrartekjur Staðgreiðsla** var 3.364 m.kr. yfir áætlun eða 6,1%. **Eftirá álagt útsvar, skattbreytingar og niðurfærslur skatttekna** voru 542 m.kr. yfir áætlun. **Endurgreiðslur annarra** voru 1.029 m.kr. yfir áætlun eða 30,5% einkum frá ríki og öðrum sveitarfélögum. **Þjónustutekjur** voru 229 m.kr. yfir áætlun eða 3,7%. **Aðrar tekjur** voru 205 m.kr. yfir áætlun eða 14,2%.



**Rekstrargjöld** voru 95.658 m.kr. eða 5.271 m.kr. umfram fjárheimildir. **Launakostnaður** var 49.098 m.kr. eða 3.241 m.kr. umfram fjárheimildir. Mest frávik voru á skóla- og frístundasviði þar sem launakostnaður var 1.416 m.kr. umfram fjárheimildir og á velferðarsviði þar sem hann var 649 m.kr. umfram fjárheimildir. **Breyting lífeyrisskuldbindingar v. LsRb** nam 1.750 m.kr. gjaldfærslu og var 1 ma.kr. yfir áætlun. Frávikid má aðallega rekja til þess að laun hækkuðu meira en gert hafði verið ráð fyrir. **Annar rekstrarkostnaður** var 46.560 m.kr. eða 2.029 m.kr. eða 4,6% umfram fjárheimildir<sup>1</sup>. Hjá skóla- og frístundasviði var hráefniskostnaður í mötuneyti 467 m.kr. umfram fjárheimildir. Rekstur og umhirða borgarlandsins var 705 m.kr. umfram fjárheimildir eingöngu vegna Reksturs gatna og opinna svæða sem var 705 m.kr. umfram fjárheimildir sem skýrist mest af vetrarþjónustu sem var 647 m.kr. umfram fjárheimildir.


**Nettó fjármunatekjur** voru 6.069 m.kr. eða 670 m.kr. yfir áætlun. Þar af voru vaxtatekjur og verðbætur 259 m.kr. yfir áætlun, arður af eignahlutum var 468 m.kr. yfir áætlun. Tekjur af ábyrgðargjaldi voru 36 m.kr. yfir áætlun.

## Efnahagur

Efnahagur Aðalssjóðs (m.kr.)	30.6.2023	31.12.2022	Breyting	%
Langtímakröfur og eignahlutir í félögum	22.210	54.600	-32.391	-59,3%
Fyrirframgr. til Brúar Isj. (langtíma krafa)	8.282	8.475	-193	-2,3%
Veltufjármunir án handb.fjár	22.841	23.421	-581	-2,5%
Handbært fé	19.896	10.188	9.707	95,3%
Eignir samtals	73.228	96.684	-23.456	-24,3%
Eigið fé	-16.998	-14.854	-2.144	14,4%
Lífeyrisskuldbinding LsRb	37.366	36.939	427	1,2%
Langtímalán	5.331	5.155	176	3,4%
Næsta árs afborganir langtímalána og lífeyrisskuldbindingar	2.804	2.798	6	0,2%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	44.726	66.646	-21.921	-32,9%
Skuldir samtals	90.226	111.538	-21.312	-19,1%
Skuldir og eigið fé samtals	73.228	96.684	-23.456	-24,3%


<sup>1</sup> Sjá nánar umfjöllun á hverju sviði fyrir sig.

## Sjóðstreymi



Handbært fé frá áramótum til loka júní hækkaði um 9.708 m.kr. Veltufé frá rekstri var neikvætt um 601 m.kr. og breyting á viðskiptastöðu milli Aðalsjóðs og Eignasjóðs var 9.187 m.kr.

## 1.1 Menningar- og íþróttasvið




Rekstur MÍR - m.kr.	Raun 2023	Áætlun 2023	Frávik	%
Tekjur	1.487	1.419	68	4,8%
Laun og launat. gj.	2.811	2.803	9	0,3%
Annar rekstrark.	7.711	7.600	111	1,5%
<b>Nettó útgjöld</b>	<b>9.035</b>	<b>8.984</b>	<b>52</b>	<b>0,6%</b>

Um áramót 2022/2023 voru menningar- og ferðamálasvið og íþrótt- og tómstundasvið sameinuð í eitt svið, menningar- og íþróttasvið. Fjárheimildir beggja sviða fyrir 2023 voru sameinaðar að frátölum fjárheimildum vegna viðburðateymis og Höfuðborgarstofu sem fluttust til skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri menningar- og íþróttasviðs fyrir tímabilið janúar – júní 2023 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) tímabilsins. Prósentuhlutföll lýsa frávikni raunniðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

**Nettó útgjöld sviðsins voru 9.035 m.kr.** sem var 52 m.kr. umfram fjárheimildir. Frístundakortið var um 16 m.kr. umfram fjárheimildir og það hefur verið nefnt sem bundinn liður og af honum frátöldum var rekstur sviðsins neikvæður um 36 m.kr. eða 0,39% umfram fjárheimildir.



## Þjónustupættir MÍR

Málaflokkar MÍR - m.kr.	Tekjur	Áætlun 2023	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2023	Frávik	Annar kostnaður	Áætlun 2023	Frávik	Nettó útgjöld	Áætlun 2023	Frávik tímabils	%
Yfirstjórn MÍR	0	0	0	177	172	5	24	29	-5	201	201	0	0,2%
Söfn	248	202	46	829	826	3	760	723	37	1.341	1.347	-6	-0,4%
Menningarborg	8	5	2	15	20	-5	1.534	1.541	-6	1.542	1.555	-13	0,0%
Íþróttaborg	72	36	36	42	38	4	4.011	3.946	65	3.981	3.948	33	0,8%
Útílfisborg	133	157	-25	294	308	-13	234	215	19	396	365	30	8,2%
Sundlaugar	588	573	15	978	934	43	891	874	17	1.280	1.235	45	3,7%
Skíðasvæði	381	428	-47	208	234	-27	123	117	6	-51	-77	26	-33,6%
Hitt húsið	27	15	12	246	250	-4	66	73	-7	285	308	-23	-7,6%
Kynningarmál, sérverkefni og annað	30	2	28	22	21	2	68	83	-14	60	101	-41	-40,4%
<b>Samtals</b>	<b>1.487</b>	<b>1.419</b>	<b>68</b>	<b>2.811</b>	<b>2.803</b>	<b>9</b>	<b>7.711</b>	<b>7.600</b>	<b>111</b>	<b>9.035</b>	<b>8.984</b>	<b>52</b>	<b>0,6%</b>

**Yfirstjórn:** var í samræmi við fjárheimildir, en laun voru 5 m.kr. umfram fjárheimildir sem m.a. má rekja til sameiningar sviðanna en annar rekstrarkostnaður var innan fjárheimilda.

**Söfn:** voru samtals 6 m.kr. innan fjárheimilda, þar af var Borgarbókasafn um 12 m.kr. innan fjárheimilda, Borgarsöngusafn um 9 m.kr. umfram fjárheimildir og Listasafnið rúmar 7 m.kr. umfram fjárheimildir.

**Menningarborg:** var 13 m.kr. innan fjárheimilda, að stærstum hluta vegna styrkja sem eru ógreiddir.

**Íþróttaborg:** var tæpar 33 m.kr. umfram fjárheimildir og skýrist það af meiri nýtingu á frístundakortinu en áætlun gerði ráð fyrir. Frístundakortið var hækkað úr 50.000 kr. í 75.000 kr. í upphafi árs 2023 og þá hefur nýtingin á kortinu einnig aukist og skýrir það frávik upp á 16 m.kr. Rekstur gervigrasvalla var 30 m.kr. umfram fjárheimildir sem skýrist af því að veturinn var óvenjulega kaldur. Egilshöll var um 14 m.kr. umfram fjárheimildir sem skýrist af því að fjárheimildir hafa ekki verið verðbættar í samræmi við ákvæði samningsins.

**Útilfsborg:** var rúmar 30 m.kr. umfram fjárheimildir. Þar af var Fjölskyldu og húsdýragarðurinn 29 m.kr. umfram fjárheimildir, sem skýrist aðallega af hærri rekstrarkostnaði á árinu. Tekjur vegna aðgangs voru 5,3 m.kr. undir áætlun en um 14.000 færri gestir komu í garðinn á fyrstu 6 mánuðum ársins. Á árinu 2023 var veitingasölu hætt í garðinum og hafði það áhrif á tekjur og gjöld í garðinum.


**Sundlaugar:** voru 45 m.kr. umfram fjárheimildir en bæði laun og annar rekstrarkostnaður var umfram fjárheimildir.

**Skíðasvæði:** voru rúmar 26 m.kr. umfram fjárheimildir. Starfsemin er mjög veðurháð og var mikið tekjufall árið 2023 samanborið við 2022.

**Hitt húsið:** var rúmar 23 m.kr. innan fjárheimilda, en útgjöld eru seinni en áætlun gerði ráð fyrir.

**Kynningarmál, sérverkefni og annað:** var um 41 m.kr. innan fjárheimilda. Telur þar mest uppgjör vegna EFA kvikmyndahátíðar rúmar 18 m.kr. innan fjárheimilda, auk þess sem kostnaður vegna sérverkefna fellur til seinna en áætlað var.

## 1.2 Skóla- og frístundasvið



Rekstur SFS (m.kr.)	Raun 2023	Áætlun 2023	Frávik	%
Tekjur	3.161	2.660	501	18,8%
Laun og launat. gj.	25.714	24.298	1.416	5,8%
Annar rekstark.	14.428	13.071	1.358	10,4%
<b>Nettó útgjöld</b>	<b>36.981</b>	<b>34.709</b>	<b>2.273</b>	<b>6,5%</b>


rekstarkostnaður var 1.358 m.kr. umfram fjárheimildir, sjá nánar sundurliðun hér að neðan.

Veikindahlutfall á tímabilinu janúar til júní 2023 var um 8,1% fyrir SFS í heild sem er mun hærra en það sem hefur verið undanfarin ár. Árin 2019-2021 voru veikindahlutföll 6,7 og 6,8%, en árið 2022 var hlutfallið 9,7%. Veikindaforföll á tímabilinu janúar til júní voru 9,8% í leikskólum, 7,4% í grunnskólum og 6% í frístundastarfi. Þessi forföll hafa haft í för með sér kostnað við afleysingu. Mikil skammtímaveikindi hafa valdið aukinni þörf á yfirvinnu á starfsstöðvum til að manna kennslu og aðra starfsemi.


Mikil fjölgun barna af erlendum uppruna sem þarfnast stuðnings í námi vegna tungumálaerfiðleika og rofinnar skólagöngu hefur leitt til mikillar hækkunar á launakostnaði hjá leik- og grunnskólum. Þessi skyndilega breyting á samsetningu nemenda gerir það að verkum að nýtt grunnskólalíkan nær ekki að fylgja eftir þeirri raunkostnaðaraukningu sem orðið hefur í skólakerfinu. Þessi fjölgun barna af erlendum uppruna var ófyrirséð en SFS hefur veitt þessum börnum alla þá þjónustu sem þurft hefur til að aðlaga þau að íslensku samfélagi. Eins og sést hér á línuritinu þá hefur nettó aukning grunnskólanemenda frá byrjun árs 2022 einungis verið 165 nemendur (skv. upplýsingum frá þjóðskrá um börn á grunnskólaaldri með lögheimili í Reykjavík). Hins vegar verður að horfa á þær brúttó tölur sem standa þar að baki þessum 165 börnum. Fækkað hefur um 398 íslensk börn á grunnskólaaldri (brottfliutt) í Reykjavík en á sama tíma hefur fjölgað í hópi erlendra barna um 563 nemendur. Þegar bornar eru saman þessar tvær tölur um aukningu/fækkun barna á grunnskólaaldri verður að horfa til þess að erlendur nemandi vegur mun þyngra í stuðningi og kennslu heldur en sá sem hefur íslensku að móðurmáli. 563 erlendir nemendur eru eins og einn stór grunnskóli með öllum sínum kennurum og stjórnendum. Ef um væri að ræða einn skóla væri um að ræða samlegðaráhrif og hagræðingu en staðreyndin er sú að þessi börn dreifast um öll aldursbil og í alla skóla borgarinnar. Vegna þessa er kostnaðurinn við stuðning hvers og eins miklu meiri en stærðarlíkingin um einn grunnskóla bendir til. Koma þessara barna inn í íslenskt skólakerfi er staðreynd, vegur gríðarlega þungt í rekstri SFS og ekki verður séð hvernig

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri skóla- og frístundasviðs fyrir tímabilið janúar – júní 2023 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) ársins. Prósentuhlutföll lýsa frávikum raun niðurstöðu m.v. áætlun. Allar fjárhæðir eru í milljónum króna.

**Nettó útgjöld sviðsins voru 36.981 m.kr.** sem var 2.273 m.kr. umfram fjárheimildir eða 6,5%.



Tekjur á tímabilinu voru 501 m.kr. umfram áætlun eða 18,8%, þar af voru tekjur frá öðrum sveitarfélögum 257 m.kr. umfram áætlun og styrkir og framlög 97 m.kr. umfram áætlun. Launakostnaður var 1.416 m.kr. umfram fjárheimildir eða 5,8% sem kemur m.a. til vegna mikillar aukningar í stuðningi og mikilla veikinda sem kallar á afleysingar. Annar





haldið verður áfram nema til komi viðbótar fjármagn inn í rekstur grunnskóla til að mæta aukinni kennsluþörf og stuðningi við þessa nemendur.

SFS - sviðshlutar	Tekjur			Laun			Annar kostnaður			Samtals			%	
	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)		
Grunnskólar	1.577	1.333	243	13.777	13.332	445	8.293	7.664	629	20.494	19.663	831	4,2%	Halli
Leikskólar	1.035	905	130	8.751	7.743	1.007	4.599	3.860	740	12.316	10.699	1.617	15,1%	Halli
Frístundastarf	474	375	98	2.395	2.438	-43	456	470	-14	2.378	2.533	-155	-6,1%	Afgangur
Skrifstofur SFS	43	16	26	586	580	6	199	190	9	743	754	-11	-1,4%	Afgangur
Listaskólar öfl.	34	31	3	205	204	1	881	887	-6	1.051	1.060	-9	-0,9%	Afgangur
<b>Samtals</b>	<b>3.161</b>	<b>2.660</b>	<b>501</b>	<b>25.714</b>	<b>24.298</b>	<b>1.416</b>	<b>14.428</b>	<b>13.071</b>	<b>1.358</b>	<b>36.981</b>	<b>34.709</b>	<b>2.273</b>	<b>6,5%</b>	<b>Halli</b>

Nýtt leikskólalíkan er í vinnslu sem á að varpa skýrara ljósi á úthlutun og fjárþörf leikskóla miðað við þær kröfur sem gerðar eru til þeirra, en mikið ójafnvægi hefur verið milli launa og rekstrarkostnaðar miðað við úthlutun fjárheimilda til leikskóla á síðustu árum sem hefur komið fram sem mikill halli hjá nær öllum leikskólum.

Verðlagsbreytingar á síðustu mánuðum hafa verið mun meiri en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun, verður því enn meira frávik vegna hækkunar á verði aðfanga miðað við fjárheimildir sem tóku ekki á hækkunum vegna verðlagsbreytinga. SFS hefur brugðist við hækkun á verði aðfanga með því að leita hagkvæmstu leiða við rekstur mötuneyta, leita hagkvæmstu innkaupa og draga úr endurnýjun tækja og búnaðar.

Lagt hefur verið í mikla greiningarvinnu í tengslum við hækkun á launakostnaði. Niðurstaðan hefur leitt í ljós að fjölgun barna af erlendum uppruna hefur aukið álag á kennara og starfsfólk í skólakerfinu. Eins og staðan er í dag hefur SFS ekki fengið auknar fjárheimildir í tengslum við þennan viðbótar kostnað nema að litlum hluta.

### Annar rekstrarkostnaður sviðsins greinist þannig:

Annar rekstrarkostnaður - SFS í heild	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik	%
<b>Rekstrarkostnaður, án aðkomu stjórnenda</b>				
Innri leiga húsnæðis	5.757	5.754	3	0,0%
Rafmagn, hiti og vatn	264	231	32	14,0%
Einkareknir skólar og tónlistarskólar	3.772	3.530	243	6,9%
Skólakostnaður greiddur til annarra sveitarfélaga	514	306	208	68,0%
<b>Samtals rekstrarkostnaður, án aðkomu stjórnenda</b>	<b>10.306</b>	<b>9.821</b>	<b>486</b>	<b>4,9%</b>
<b>Rekstrarkostnaður, aðkoma stjórnenda</b>				
Hráefni í mötuneyti	1.431	964	467	48,5%
Kennsluefni	136	144	-8	-5,7%
Skólaakstur, akstur fatlaðra og sundakstur	366	299	67	22,6%
Aðkeypt ræsting, sorphirða og öryggisgæsla	484	368	116	31,4%
Viðhald og endurnýjun áhalda og eigna	317	241	76	31,4%
Húsaleiga	199	159	40	25,0%
Aðkeypt vinna	164	98	66	67,6%
Innri leiga búnaðar	476	448	27	6,1%
Annar ýmiss kostnaður ósundurliðaður	549	529	21	3,9%
<b>Samtals rekstrarkostnaður, aðkoma stjórnenda</b>	<b>4.122</b>	<b>3.250</b>	<b>872</b>	<b>26,8%</b>
<b>Samtals annar rekstrarkostnaður</b>	<b>14.428</b>	<b>13.071</b>	<b>1.358</b>	<b>10,4%</b>

Frávik í öðrum rekstrarkostnaði hjá SFS var um 10,4% umfram fjárheimildir eða 1.358 m.kr. Öðrum rekstrarkostnaði SFS er skipt upp í tvennt, annars vegar rekstrarkostnað án aðkomu stjórnenda s.s. greiðslum til sjálfstætt starfandi stofnanna, innri leigu og veitukostnað og hins vegar rekstrarkostnað með aðkomu stjórnenda sem snýr að daglegum rekstri þeirra stofnanna sem þeir stýra. Af þeim síðarnefnda er halli að fjárhæð 872 m. kr. en þar af eru 467 m.kr. tengdar umframkeyrslu í hráfniskostnaði mötuneyta. Verð á matvörum hefur hækkað verulega og óhagræði í rekstri mötuneyta vegna mygluskemmda hafði einnig mikil áhrif. Verulegur viðbótarkostnaður hefur fallið á SFS í tengslum við framkvæmdir vegna myglu þar sem nauðsynlegt hefur verið að skipta rekstrareiningum upp á marga starfsstaði en það hefur leitt til mikillar hækkunar á rekstrarútgjöldum.

Viðhald og endurnýjun áhalda og eigna var um 76 m.kr. umfram fjárheimildir, sem kemur til vegna þess að grípa hefur þurft til nauðsynlegs viðhalds hjá starfsstöðvum SFS til að halda húsnæði og búnaði í nothæfu ástandi. Aðkeypt ræsting, sorphirða og öryggisgæsla var um 116 m.kr. umfram fjárheimildir.

Aðkeypt vinna var 66 m.kr. umfram fjárheimildir þar fellur undir s.s. sérfræðiþjónusta, læknisþjónusta og önnur aðkeypt vinna. Greiðslur til einkarekinna skóla og tónlistarskóla voru 243 m.kr. umfram fjárheimildir sem kemur til vegna fjölgunar nemenda í leikskólum og uppgjör milli sveitarfélaga 208 m.kr. umfram áætlun.

Hér að neðan eru nokkrir liðir sem hafa áhrif á rekstur SFS á tímabilinu janúar til júní og skýra hluta af hallarekstri:

Liðir sem hafa áhrif á rekstur SFS		Fjárhæð, m.kr.
<b>Grunnskólahluti:</b>		
Halli á rafmagni og hita		23
Óreglulegir liðir grunnskóla		112
<b>Samtals</b>		<b>135</b>
<b>Leikskólahluti</b>		
Fjölgun barna í einkareknum leikskólum umfram áætlun		214
Ævintýraborgir - stofnkostnaður		144
Dagforeldrar - færri börn		- 48
Óreglulegir liðir leikskólar		42
<b>Samtals</b>		<b>351</b>
<b>Samtalsgrunnskóla- og leikskólahluti</b>		<b>487</b>

## Grunnskólahluti



Nettó útgjöld grunnskólahluta SFS voru 20.494 m.kr. sem var 831 m.kr. umfram fjárheimildir eða 4,2%.

Grunnsk.hluti (m.kr.)	Raun 2023	Áætlun 2023	Frávik	%
Tekjur	1.577	1.333	243	18,3%
Laun og launat. gj.	13.777	13.332	445	3,3%
Annar rekstark.	8.293	7.664	629	8,2%
<b>Nettó útgjöld</b>	<b>20.494</b>	<b>19.663</b>	<b>831</b>	<b>4,2%</b>

Tekjur grunnskólahluta voru 1.577 m.kr. sem var 243 m.kr. yfir áætlun eða 18,3%. Tekjur af skólamáltíðum voru um 9,8 m.kr. undir áætlun, styrkir 45,5 m.kr. yfir áætlun og greiðslur vegna hælisleitenda 77,5 m.kr. aðrar sértekjur 57 m.kr. og uppgjör við önnur sveitarfélög 105 m.kr.

Launakostnaður grunnskólahluta var 13.777 m.kr. sem var 445 m.kr. umfram fjárheimildir eða 3,3%. Þar af er halli vegna langtímaveikinda 186 m.kr. Kostnaðaraukning vegna aukinnar þjónustuþyngdar og fjölgunar nemenda í Klettaskóla nam 193 m.kr.

Óskiptur annar rekstrarkostnaður var í heildina 8.293 m.kr. en hann skiptist eins og áður hefur verið getið í annan rekstrarkostnað sem stjórnendur hafa ekki aðkomu að og hins vegar daglegar rekstrarkostnað sem stjórnendur geta haft áhrif á.



Grunnskólar	Tekjur			Laun			Annar kostnaður			Samtals			
	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Frávik %
Grunnskólar samreknir	158	153	4	2.026	1.956	70	1.061	980	81	2.930	2.783	147	5,3%
Grunnskólar	741	630	111	10.437	10.070	367	4.944	4.734	209	14.640	14.174	465	3,3%
Sérskólar	421	437	-15	1.054	917	137	388	329	59	1.021	809	212	26,2%
<b>Samtals borgarreknir:</b>	<b>1.320</b>	<b>1.220</b>	<b>100</b>	<b>13.518</b>	<b>12.943</b>	<b>575</b>	<b>6.393</b>	<b>6.043</b>	<b>350</b>	<b>18.591</b>	<b>17.766</b>	<b>825</b>	<b>4,6%</b>
Miðlægt og endurúthlutun	257	113	143	246	389	-143	826	642	184	816	918	-102	-11,2%
Óreglulegir liðir grunnskóla				14		14	99		99	112		112	100,0%
Einkaskólar							975	979	-4	975	979	-4	-0,4%
<b>Samtals borgar. og einkar</b>	<b>1.577</b>	<b>1.333</b>	<b>243</b>	<b>13.777</b>	<b>13.332</b>	<b>445</b>	<b>8.293</b>	<b>7.664</b>	<b>629</b>	<b>20.494</b>	<b>19.663</b>	<b>831</b>	<b>4,2%</b>

Annar rekstrarkostnaður grunnskóla	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik	%
<b>Rekstrarkostnaður, án aðkomu stjórnenda</b>				
Innri leiga húsnæðis	4.408	4.406	2	0,0%
Rafmagn, hiti og vatn	205	177	28	16,0%
Einkareknir skólar	975	979	-4	-0,4%
Skólaakstur greiddur til annarra sveitarfélaga	310	104	206	197,7%
<b>Samtals rekstrarkostnaður, án aðkomu stjórnenda</b>	<b>5.898</b>	<b>5.666</b>	<b>232</b>	<b>4,1%</b>
<b>Rekstrarkostnaður, aðkoma stjórnenda</b>				
Hráefni í mótuneyti	692	527	165	31,4%
Kennsluefni	84	88	-4	-4,5%
Skólaakstur, akstur fatlaðra og sundakstur	349	295	54	18,2%
Aðkeypt ræsting, sorphirða og öryggisgæsla	201	138	63	45,9%
Viðhald og endurnýjun áhalda og eigna	195	192	4	1,9%
Húsaleiga	164	129	35	27,5%
Aðkeypt vinna	98	49	50	102,1%
Innri leiga búnaðar	359	351	8	2,2%
Annar ýmiss kostnaður ósundurliðaður	252	231	22	9,5%
<b>Samtals rekstrarkostnaður, aðkoma stjórnenda</b>	<b>2.395</b>	<b>1.998</b>	<b>397</b>	<b>19,8%</b>
<b>Samtals annar rekstrarkostnaður</b>	<b>8.293</b>	<b>7.664</b>	<b>629</b>	<b>8,2%</b>

Annar rekstrarkostnaður var um 629 m.kr. umfram fjárheimildir eða 8,2%. Af þessum 629 m.kr. eru 165 m.kr. vegna aukins kostnaðar við mótuneytisrekstur og 35 m.kr. vegna hækkunar á leigu á húsnæði í eigu þriðja aðila. Aðrir rekstrarliðir eru að hækka minna en þó þannig að þeir hafa samanlagt veruleg áhrif. Kostnaður eins og skólaakstur, sem óhjákvæmilega fylgir stórum mygluverkefnum, hefur farið vaxandi og var því 54 m.kr. umfram fjárheimildir.

Viðhald og endurnýjun var 4 m.kr. umfram fjárheimildir. Aðkeypt ræsting var 63 m.kr. umfram fjárheimildir Aðkeypt vinna, sálfræðipjónusta og túlkapjónusta var 50 m.kr. umfram fjárheimildir.

Óreglulegir liðir grunnskóla voru 112 m.kr. umfram þær fjárheimildir sem fengust á árinu til að mæta þeim kostnaði sem felst í röskunar á skólastarfi og auknum kostnaði sem ekki fellur undir almennan rekstur skóla.

### Borgarreknir grunnskólar og tengdir liðir

Kostnaður vegna reksturs borgarrekinna grunnskóla, að meðtöldum sér- og samreknum skólum var 18.591 m.kr. Fjárheimildir námu 17.766 m.kr. fyrir grunnskóla og var kostnaður því 825 m.kr. umfram fjárheimildir eða 4,6%. Miðlægir liðir og úthlutunarpottar grunnskóla voru samanlagt með 102 m.kr. afgang á tímabilinu. Helstu liðir sem mynda halla: akstur fatlaðra og skólaakstur 52,3 m.kr. og uppgjör til sveitarfélaga 74 m.kr. Þeir liðir sem eru undir áætlun eða eftir er að úthluta er sameiginleg þjónusta grunnskóla 31 m.kr. og endurúthlutun til borgarrekinna grunnskóla 34,3 m.kr. Sameiginlegt vegna grunnskóla en þar á eftir að dreifa hluta fjármagns vegna B menntastyrkja og samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna 137 m.kr. Útgjöld vegna einkarekinna skóla voru 4 m.kr. innan fjárheimilda.

Halli af rekstri borgarrekinna grunnskóla ásamt sérskólum var 825 m.kr. Af 38 grunnskólum voru 7 með afgang en aðrir voru með hallarekstur.

### Stuðningur við börn

Þörf fyrir stuðning við börn hefur aukist mikið á síðustu misserum í tengslum við fjölgun erlendra barna í skólakerfinu. Börn í skólum sem fást við ýmis erfið vandamál s.s. einhverfu, hegðunarmál og tungumálaerfiðleika. Sérúráði er að verða stærri liður í rekstri skóla en áður þar sem fjölbreytileiki í hópi nemenda eykst stöðugt með hærri hlutfalli nemenda af erlendum uppruna.

Nokkrir grunnskólar eru að kljást við rekstrarvanda í tengslum við hraðan vöxt eða fækkun í fjölda nemenda. Dæmi um skóla sem hafa vaxið mjög hratt og sprengt utan af sér þann ramma sem þeim var skipaður eru t.d. Dalskóli og Hlíðaskóli. Þar hafa stjórnendur þurft að bregðast við ófyrirsjáanlegri fjölgun nemenda sem skapar aukið álag og vandamál í tengslum við mönnun kennslu og kennsluáðstöðu. Að sama skapi eru Ingunnarskóli og Ártúnsskóli í vanda vegna fækkunar nemenda sem hefur gert það að verkum að bekkjastærðir og fjöldi bekkja eru skólunum óhagstæðir og því verður rekstrarkostnaður hærri en líkanið gerir ráð fyrir. Hvort tveggja eru óhagstæð rekstrarskilyrði sem leiða til hækkunar kostnaðar og umframkeyrslu og því er nauðsynlegt að þekkja bakgrunn rekstrareininganna þegar lagt er mat á rekstrarframmistöðu.

Klettaskóli er með rekstrarfrávik sem nemur 193 m.kr. á árinu. Helstu áhrifaþættir eru fjölgun nemenda og aukin þjónustuþyngd þeirra nemenda sem sækja skólann ásamt fjölgun erlendra barna. Nauðsynlegt er að rýna rekstur skólans vel og skapa honum þann ramma sem hann þarf til að geta sinnt því hlutverki sem honum er ætlað. Í dag eru um 45% nemenda frá

nágrannasveitarfélögunum og því eru þau með ákveðna hlutdeild í rekstrarfrávikinu ársins. Hlutur Reykjavíkurborgar er því í kringum 105 m.kr. af rekstrarfrávikinu.

Fjölgun barna af erlendum uppruna hafa valdið viðbótar álagi og kostnaðarauka þar sem SFS hefur það að markmiði að veita þessum börnum allan þann stuðning sem þau þurfa til að auðvelda þeim aðlögun að íslensku samfélagi. Flest þessara barna þurfa aukinn stuðning, bæði hvað varðar tungumál og félagslega þætti. Reykjavíkurborg hefur boðið velkomin börn með sérþarfir og hefur þeim fjölgað í grunnskólum borgarinnar. Þetta allt hefur leitt af sér kostnaðarauka sem SFS hefur brugðist við með því að hagræða og beina því fjármagni sem er til staðar í þann farveg að það nýtist sem best öllum nemendum og starfsmönnum grunnskóla. Það skal tekið fram að Eddu líkanið var ekki hannað þannig að það næði utan um öll möguleg tilvik og er þessi mikla fjölgun barna með erlendan uppruna því ekki hluti af grunnlíkani Eddunnar. Reykjavíkurborg hefur mætt þessari aukningu að hluta til með aukningu fjárheimilda.

Borgarreknir grunnskólar (m.kr.)													
Stofnun	Tekjur raun	Tekjur áætlun	Tekjur frávik	Laun raun	Laun áætlun	Laun frávik	Kostnaður raun	Kostnaður áætlun	Kostnaður frávik	Samtals rekstur	Samtals áætlun	Samtals frávik	Frávik %
Klettaskóli	418	435	17	795	662	132	317	273	44	693	500	193	38,6%
Hvassaleitisskóli	13	26	13	231	218	13	114	95	18	332	288	44	15,4%
Fossvogsskóli	17	17	0	275	248	27	162	137	25	420	368	52	14,1%
Ártúnsskóli	24	24	-1	251	230	21	99	80	20	326	286	39	13,8%
Ingunnarskóli	19	18	-1	316	296	20	157	128	28	454	406	48	11,8%
Selásskóli	10	10	0	185	164	21	117	115	2	292	269	23	8,6%
Melaskóli	31	30	-2	407	378	29	153	145	8	529	493	36	7,3%
Laugarnesskóli	31	30	-1	410	383	27	185	177	9	564	530	34	6,5%
Norðlingaskóli	47	49	2	478	454	24	284	267	17	715	672	43	6,4%
Hagaskóli	23	24	1	413	398	14	172	154	19	562	528	33	6,3%
Dalskóli	52	51	-1	656	629	27	400	366	34	1.004	945	60	6,3%
Brúarskóli	3	1	-1	260	254	5	71	56	15	328	309	19	6,1%
Hlíðaskóli	31	25	-6	507	495	13	224	191	33	700	660	40	6,0%
Borgaskóli	13	12	-1	225	208	17	120	117	3	332	313	18	5,8%
Foldaskóli	22	22	0	422	389	33	174	177	-3	574	545	30	5,5%
Engjaskóli	21	14	-7	208	194	14	128	119	9	316	300	16	5,3%
Fellaskóli	17	13	-3	421	406	15	170	156	14	574	549	25	4,6%
Vogaskóli	24	17	-7	371	354	17	176	166	10	523	503	20	4,0%
Árbæjarskóli	33	33	0	516	498	18	218	209	9	700	674	26	3,9%
Laugalækjarskóli	16	17	1	315	309	6	139	130	9	438	422	15	3,6%
Vesturbæjarskóli	37	17	-20	263	236	27	166	160	6	392	380	13	3,4%
Ölduselsskóli	26	26	0	403	389	14	206	202	4	584	565	19	3,3%
Háteigsskóli	30	24	-6	358	348	10	134	129	5	461	452	9	2,1%
Sæmundarskóli	24	22	-2	353	339	14	201	203	-2	529	520	9	1,8%
Rimaskóli	23	22	-2	406	388	17	181	186	-6	563	553	10	1,8%
Breiðagerðisskóli	23	19	-4	276	269	7	153	150	2	406	400	6	1,5%
Húsaskóli	15	8	-7	142	135	7	109	105	4	236	232	3	1,4%
Hólabrekkuskóli	21	20	-1	365	368	-3	183	173	11	526	521	6	1,1%
Breiðholtsskóli	20	15	-5	370	355	15	169	175	-6	518	515	4	0,7%
Grandaskóli	22	20	-2	274	279	-5	122	113	9	373	371	2	0,5%
Seljaskóli	70	31	-38	495	462	33	175	168	8	601	598	2	0,3%
Austurbæjarskóli	22	20	-1	361	356	5	164	171	-7	503	507	-4	-0,7%
Álftamýrarskóli	26	18	-8	324	324	0	143	140	3	441	446	-5	-1,0%
Víkurskóli	14	11	-3	176	184	-8	117	110	7	279	283	-4	-1,5%
Hamraskóli	11	10	-1	215	222	-7	115	112	2	319	325	-6	-1,8%
Langholtsskóli	33	34	1	535	545	-10	227	236	-8	729	747	-18	-2,3%
Réttarholtsskóli	18	18	0	322	338	-16	139	142	-3	443	462	-19	-4,1%
Klébergsskóli	17	16	-2	220	236	-16	108	110	-3	310	331	-21	-6,2%
Samtals	1.320	1.220	-100	13.518	12.943	575	6.393	6.043	350	18.591	17.766	825	4,6%

Töflunni er raðað þannig að sá skóli sem er í mestum % halla 2023 er efstur en sá skóli sem er með mestan afgang er neðstur.

## Leikskólahluti



**Nettó útgjöld leikskólahluta SFS voru 12.316 m.kr. sem var 1.617 m.kr. umfram fjárheimildir eða 15,1%.**

Leikskólahluti (m.kr.)	Raun 2023	Áætlun 2023	Frávik	%
Tekjur	1.035	905	130	14,4%
Laun og launat. gj.	8.751	7.743	1.007	13,0%
Annar rekstark.	4.599	3.860	740	19,2%
<b>Nettó útgjöld</b>	<b>12.316</b>	<b>10.699</b>	<b>1.617</b>	<b>15,1%</b>

**Tekjur** leikskólahluta voru 1.035 m.kr. sem voru 130 m.kr. umfram áætlun eða 14,4%. Tekjur vegna hælisleitenda námu 17,5 m.kr. og styrkir 23,5 m.kr. Tekjur frá öðrum sveitarfélögum námu 86 m.kr.

**Launakostnaður leikskólahluta** var 8.751 m.kr. sem var 1.007 m.kr. umfram fjárheimildir eða 13%. Mikil veikindi voru á tímabilinu eða um 9,8% hjá leikskólum sem er langt umfram eðlilegt árferði. Þessi auknu veikindi hafa kallað á auknar afleysingar sem aftur leiða til hækkunar á launakostnaði. Á árinu hefur kostnaður við stuðning barna verið umfram fjárheimildir en þessi umfram kostnaður skýrist m.a. af fjölgun barna af erlendum uppruna sem þurft hafa aukinn stuðning þegar þau stíga fyrstu skrefin inn í íslenskt skólakerfi.

Ekki náðist að fullmanna leikskóla borgarinnar sem aftur leiddi til lægri nýtingar á rekstrarleyfum leikskólanna og fækkun vistunarpláss. Helstu ástæður fyrir því að leikskóli er ekki með barnafjölda í samræmi við rekstrarleyfi eru t.d. mönnunarvandi, innvistarvandi, reglubundið viðhald eða að nýr leikskóli hefur ekki náð fullum afköstum. Að teknu tilliti til þessara þátta þá verður til viðmiðunartalan „Leyfilegur hámarksfjöldi innritaðra barna“ (sjá töflu). Allir þessir þættir hafa áhrif en þar vegur þó innvistarvandi þyngst og gerir það að verkum að nú eru um 363 ónýtanleg leikskólapláss í leikskólum borgarinnar sem einvörðungu tengjast innvistarvanda. Miðað við þróun undanfarinna ára er ekki fyrirjáanlegt að á þessu verði mikil breyting þar sem fjölgun staða með innvistarvanda hefur haldist stöðug þ.e. að um leið og leyst er úr vandamálinu á einum stað þá bætist við nýr starfsstaður sem þarf að fara í endurbætur.



Mánuður	Leyfilegur				
	Vistun-Nýting	hámarksfjöldi innritaðra barna	Rekstrarleyfi	Hlutf. af leyfil. hámarksfjölda	Hlutf. af rekstrarleyfi
jan.23	5.522	5.911	6036	93,4%	91,5%
feb.23	5.551	5.911	6066	93,9%	91,5%
mar.23	5.549	5.719	6066	97,0%	91,5%
apr.23	5.549	5.779	6126	96,0%	90,6%
maí.23	5.561	5.779	6126	96,2%	90,8%
jún.23	5.547	5.618	6126	98,7%	90,5%
<b>Meðaltal</b>	<b>5.547</b>	<b>5.786</b>	<b>6.091</b>	<b>95,9%</b>	<b>91,1%</b>

Leikskólar	Tekjur			Laun			Annar kostnaður			Samtals				
	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Frávik %	
Leikskólar	875	837	38	8.541	7.421	1.121	2.275	1.788	487	9.941	8.372	1.570	18,7%	Halli
Óreglulegir liðir leikskóla				3		3	40	2	38	43	2	41	2698,3%	Halli
Miðlægt og endurúthlutun	160	67	92	209	323	-113	148	59	90	198	314	-116	-37,0%	Afgangur
<b>Samtals borgarreknir</b>	<b>1.035</b>	<b>905</b>	<b>130</b>	<b>8.751</b>	<b>7.743</b>	<b>1.007</b>	<b>2.423</b>	<b>1.847</b>	<b>576</b>	<b>10.139</b>	<b>8.686</b>	<b>1.453</b>	<b>16,7%</b>	Halli
Einkaskólar							2.008	1.794	214	2.008	1.794	214	11,9%	Halli
Dagforeldrar							168	218	-50	168	218	-50	-22,9%	Afgangur
<b>Samtals einkaskólar og dagf.</b>							<b>2.176</b>	<b>2.013</b>	<b>164</b>	<b>2.176</b>	<b>2.013</b>	<b>164</b>	<b>8,1%</b>	Halli
<b>Samtals</b>	<b>1.035</b>	<b>905</b>	<b>130</b>	<b>8.751</b>	<b>7.743</b>	<b>1.007</b>	<b>4.599</b>	<b>3.860</b>	<b>740</b>	<b>12.316</b>	<b>10.699</b>	<b>1.617</b>	<b>15,1%</b>	Halli

**Óskiptur annar rekstrarkostnaður** leikskólahluta var 4.599 m.kr. sem var 740 m.kr. umfram fjárheimildir eða 19,2%. Eins og í öðrum rekstrareiningum SFS þá skiptist annar rekstrarkostnaður í tvennt eftir því hvort stjórnendur hafa aðkomu að því að stofna til útgjaldanna.

Annar rekstrarkostnaður leikskóla	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik	%
<b>Rekstrarkostnaður, án aðkomu stjórnenda</b>				
Innri leiga húsnæðis	1.091	1.091		0,0%
Rafmagn, hiti og vatn	51	45	6	12,9%
Einkareknir skólar	2.008	1.794	214	11,9%
Skólakostnaður greiddur til annarra sveitarfélaga	204	200	4	2,0%
<b>Samtals rekstrarkostnaður, án aðkomu stjórnenda</b>	<b>3.353</b>	<b>3.130</b>	<b>224</b>	<b>0,0%</b>
<b>Rekstrarkostnaður, aðkoma stjórnenda</b>				
Hráefni í mótuneyti	671	367	304	82,8%
Kennsluefni	29	14	16	114,4%
Skólaakstur, akstur fatlaðra og sundakstur	5	3	2	87,3%
Aðkeypt ræsting, sorphirða og öryggisgæsla	249	188	61	32,3%
Viðhald og endurnýjun áhalda og eigna	81	14	67	493,1%
Húsaleiga	9	7	2	34,0%
Aðkeypt vinna	23	4	19	486,2%
Innri leiga búnaðar	71	54	17	0,0%
Annar ýmiss kostnaður ósundurliðaður	108	80	28	35,1%
<b>Samtals rekstrarkostnaður, aðkoma stjórnenda</b>	<b>1.246</b>	<b>730</b>	<b>516</b>	<b>70,7%</b>
<b>Samtals annar rekstrarkostnaður</b>	<b>4.599</b>	<b>3.860</b>	<b>740</b>	<b>19,2%</b>

Sá hluti annars rekstrarkostnaðar sem stjórnendur hafa aðkomu að var samtals 1.246 m.kr. og var 516 m.kr. umfram fjárheimildir. Þar vegur þýngst rekstur mótuneyta sem var 304 m.kr. umfram fjárheimildir á tímabilinu. Einnig er aukinn kostnaður vegna viðhalds og endurnýjunar á áhöldum upp á 67 m.kr. en nauðsynlegt hefur verið að leggja í endurnýjun búnaðar þar sem upp hafa komið mygluvandamál. Aðrir liðir s.s. ræsting, sorphirða og öryggisgæsla fóru 61 m.kr. umfram fjárheimildir.

**Borgarreknir leikskólar og tengdir liðir:** Hjá borgarreknium leikskólum var hallinn 1.570 m.kr. eða 18,7%. Útgjöld námu 9.941 m.kr. en fjárheimildir voru 8.372 m.kr. Hjá tveimur leikskólum sem opnuðu síðla árs 2022 er enn að falla til kostnaður vegna kaupa á búnaði og launakostnaður vegna ráðninga á starfsfólki sem er að stofnsetja deildir. Leikskólinn Bakki sem er hluti af leikskólanum Nesi hefur hætt rekstri, í húsnæði Bakka mun taka til starfa sjálfstætt starfandi leikskóli. Vinna við gerð nýs rekstrarlíkans hjá borgarreknium er langt komin. Reiknar SFS með því að hægt verði að úthluta fjárheimildum til borgarrekinna leikskóla í takt við niðurstöður líkans við fjárhagsáætlun 2024.

Vonir eru bundnar við að nýtt líkan nái að endurspegla og fanga allan þann rekstrarkostnað sem til fellur við rekstur leikskólanna.

## Borgarreknir leikskólar (m.kr.)

Stofnun	Tekjur raun	Tekjur áætlun	Tekjur frávik	Laun raun	Laun áætlun	Laun frávik	Kostn raun	Kostn áætlun	Kostnaður frávik	Samtals raun	Samtals áætlun	Samtals frávik	Frávik %
Klambrar	11	11	1	130	86	44	26	22	5	145	97	48	49,8%
Vogabyggð	10	9	1	100	66	34	52	40	13	142	96	46	47,6%
Eggersgata	9	9	0	116	79	37	47	36	11	153	106	47	44,6%
Hagaborg	15	14	0	157	115	41	33	26	7	175	127	48	37,7%
Nauthólsvegur	12	12	0	140	102	37	59	46	13	187	137	51	37,2%
Árborg	8	8	0	80	66	14	19	9	10	91	66	24	36,4%
